

Eftir þessum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

**Dómsorð:**

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. febrúar 1963.

Nr. 1/1963. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Jóns á Stapa S. H. 215** (Egill Sigurgeirsson hrl.)  
 gegn  
**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Víglundar Jónssonar og Tryggva Jónssonar**  
 (Páll S. Pálsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.**

Breyting á rúmlestatölu skips eftir að skipshöfn var afskráð eigi taíin hafa áhrif á hlut skipverja á næstliðinni sildarvertíð.

**Dómur:**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 10. janúar þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Jóni á Stapa S.H. 215 gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Víglundar Jónssonar og Tryggva Jónssonar, Ólafsvík. Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að

stefndu sé skylt að haga reikningsskilum við skipverja á m/b Jóni á Stapa S.H. 215 eftir sumarsildveiðarnar 1962 svo, að 35% af heildaraflaverðmæti skipsins sé skipt í 11 — ellefu — staði, og að stefndu verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Síðastliðið sumar gerðu stefndu m/b Jón á Stapa S.H. 215 út á sildveiðar norðanlands. Samkvæmt vottorði skipaskoðunarstjóra, dags. 13. okt. f. á., var nefnt skip skráð hér á landi 9. febrúar 1962 og þá talið að stærð samkvæmt alþjóðamælibréfi 118.80 rúmlestir. Var sú stærð greind á skipshafnarskrá, er skráð var í Ólafsvík á skipið til sildveiða 26. júní 1962. Eru þá skráðir 12 skipverjar að skipstjóra meðtöldum og umsamin kjör talin vera „samkvæmt væntanlegum samningi um sildveiðar eða gerðardómsákvæðum við L. Í. Ú.“, en svo stóð á í Ólafsvík, að kjarasamningar voru lausir vegna undanfarinnar uppsagnar. Svo sem kunnugt er, náðist eigi samkomulag milli samtaka sjómanna og útvegsmanna um kaup og kjör háseta á sildveiðum og komu af þeim sökum til framkvæmda ákvæði bráðabirgðalaga nr. 84/1962. Ákvað gerðardómur samkvæmt þeim lögum kjörin og er úrskurður hans dags. 25. júlí f. á.

Í 3. gr. gerðardómsúrskurðarins segir svo, að á skipum sem stunda sildveiðar með hringnót og hafa kraftblökk og sjálfvirkt sildarleitartæki skuli skipting aflans vera þessi:

- b) Á skipum 60—119 rúmlestir 35%, er skiptist í 11 staði.
- c) Á skipum 120—239 rúmlestir 34,5%, er skiptist í 12 staði.

Samkvæmt vottorði hafnarvarðar Ólafsvíkurhafnar kom m/b Jón á Stapa S.H. 215 til Ólafsvíkur af sildveiðum norðanlands og austan 20. september f. á. og var skipshöfnin afskráð sama dag. Fjórum dögum síðar, eða 24. sept. f. á., ritar eigandi nefnds skips, Viglundur Jónsson, skipaskoðunarstjóra og óskaði þess, að rúmlestatal skipsins yrði stækkað um 2.04 brúttólestir, þ. e., að með verði

talið í stærð skipsins rými fyrir hreyfiafl yfir þilfari, en það hafði eigi verið talið með við skráninguna 9. febr. 1962. Samkvæmt 77. gr. reglugerðar nr. 192/1950 um skipamælingar skal leggja ljós og loftrúm við brúttórúmllestartölu skips, ef eigandi óskar þess, og þar sem þetta rými hafði eigi áður verið talið með, var ósk skips-eigandans tekin til greina og nýtt alþjóðamælibréf gefið út 24. sept. s.l. og varð m/b Jón á Stapa S.H. 215 samkvæmt því 120.84 rúmllestir brúttó.

Þegar að reikningsskilum kom við skipverja á nefndu skipi eftir sumarvertíðina, miðuðu stefndu þau við c-lið 3. gr. II í úrskurði gerðardómsins og skiptu 34,5% aflans í 12 staði, eins og skipverjar voru á sildveiðum. Byggðu þeir á því, að skip þeirra, Jón á Stapa, væri yfir 119 rúmllestir og mættu þeir miða skiptin við þá stærð, enda hefðu skipverjar samþykkt það, en öllum hefði verið ókunnugt um það, er skipið fór á veiðar, hver skiptahlutföllin yrðu á því og úrskurður gerðardómsins hefði eigi verið kveðinn upp fyrr en 24. júlí, eða mánuði eftir að skráning fór fram.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar hins vegar á því, að m/b Jón á Stapa hafi samkvæmt aðalskipaskrá hér verið 118.80 rúmllestir brúttó, er skráð var á skipið til sildveiða 24. júní f. á., og hafi eigi orðið breyting á því mælingabréfi skipsins fyrr en 24. september eftir að skipverjar höfðu verið afskráðir. Hafi því kjör þeirra átt að miðast við ákvæði 3. gr. II, b-lið í úrskurði gerðardómsins og því borið að haga skiptum svo, að 35% af aflanum væri skipt í 11 staði. Telur hann, að stefndu séu skyldir til þess að hlita ákvæðum gerðardómsins um kjör skipverja. Einn liður þeirra hafi verið stærð skipsins, en hana beri að miða við skipaskrá og mælingarbréf skipsins meðan á veiðum stóð og engin breyting hafi orðið á fyrr en eftir skráningu.

Við lögskráningu á Jón á Stapa S.H. 215 hinn 26. júní f. á. var, svo sem áður er rakið, samið um þau kjör, er gerðardómurinn í sildveiðideilunni ákvæði, ef samningar tækjust eigi. Þar sem eigi varð af samningum verða aðiljar

Þessa máls að hlíta ákvæðum gerðardómsins um kaup og kjör, og þá einnig að miða skiptahlut við þá stærð skips, sem hann mælir fyrir um. Eigi verður annað séð, en að farið hafi verið að lögum um útgáfu mælibréfs fyrir m/b Jón á Stapa, en það kvað á um stærðina 118.80 smálestir brúttó. Sú stærð var og tilgreind á skipshafnarskrá, og kom eigi til breytinga á mælibréfi skipsins fyrr en eftir lok sumarsíldveiðanna, er skipverjar höfðu verið afskráðir. Aðiljar eru samsaga um það, að 3. gr. II í úrskurði gerðardómsins frá 25. júlí f. á. eigi við um veiðar þær, er stundaðar voru umrætt síldveiðitímabil. Eiga þá reikningsskil við skipverja á m/b Jóni á Stapa samkvæmt framangreindu að fara eftir b-lið nefndrar greinar, þar sem eigi hefur um annað samist við stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/ 1938, en viðurkennt er af stefndu, að þeir hafi eigi um það rætt við formann Verkalýðsfélagsins Jökuls, sem þó var skipverji á Jóni á Stapa á sumarsíldveiðunum, að skipti yrðu miðuð við aðra stærð skips en þá, sem tilgreind var á skipshafnarskrá.

Samkvæmt þessu ber að taka dómkröfur stefnanda að öllu leyti til greina og dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

#### Dómsorð:

Stefndu Viglundi Jónssyni og Tryggva Jónssyni er skylt að haga reikningsskilum við skipverja á Jóni á Stapa S.H. 215 eftir sumarsíldveiðar 1962 svo, að 35% af heildaraflaverðmæti skipsins sé skipt í 11 — ellefu — staði.

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h. Viglundar Jónssonar og Tryggva Jónssonar, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Jóni á Stapa S.H. 215, kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.